

**Nr. 18-183 S 126 Vestri BA 63*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 0182  
*Smíðaður:* Noregi 1963, Stál  
*Stærð:* 198,6 brl. 293 bt.  
*Mesta lengd:* 28,95 m *Skráð lengd:* 26,92 m  
*Breidd:* 8,1 m *Dýpt:* 6,27 m  
*Vél:* Stork Wartsila 730 kW, 2005  
*Fjöldi skipverja:* 5



Vestri © Skipaskrá

**Gögn:**  
*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNSA*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. september 2018 var Vestri BA 63 á rækjuveiðum á NA miðum. Veður: VNV 2 m/sek.

Skipverji klemmdist á vinstri framhandlegg þegar hann var að teygja sig eftir gils sem sat fastur í blökk á Triplex krana. Skipverjinn hélt sér með hægri hendinni í tromluna sem var óvænt snúið. Við það missti hann takið og lenti með vinstri höndina inn á milli rimla á tromlunni og klemmdist.



Triplex krani á afturskipi

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn var með Triplex krana og í honum hékk veiðarfæratromla en ofan á krananum var víraspil (gilsaspil);
- skipverjinn klifraði upp á sætið sem Triplex kraninn sat á og var að teygja sig til að ná í gilsinn sem sat fastur í blökk;
- að spilmaðurinn sem var með fjarstýringuna stóð á þilfarinu;
- að stjórtakkarnir fyrir gils og spiltromlu voru hlið við hlið í fjarstýringunni (*sjá mynd*). Í staðinn fyrir að slaka gilskróknum tók spilmaðurinn í rangan takka og snéri tromlunni;
- að framhandleggur skipverjans tvíbrotnaði;
- að slasaði var í sínum öðrum túr á þessu skipi en hann hafði verið á sjó í eitt og hálf ár samtals;
- að sögn skipstjóra var það hans mat að menn hefðu verið að flýta sér;
- að eftir slysið var vinnureglum breytt þannig að hætt var að klifra upp eftir gilsinu. Í stað þess var kraninn lækkaður niður að þilfarinu þannig að hægt yrði að ná í gilsinn þaðan.



Fjarstýringin fyrir Triplex kranann

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var fljótfærni skipverja.

Nefndin vekur athygli á því að mikilvægt sé þegar upp koma óeðlilegar aðstæður að skipverjar gæti að sér og rasi ekki um ráð fram.